



Borgaráð

Tjarnargötu 11

101 Reykjavík.

Efni: R20030240

BORGARRÁÐ 26. mars 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um strætisvagna - R20030240

BORGARRÁÐ 26. mars 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um strætisvagna - R20030240

1. Hvað hefur Strætó bs keypt marga vagna frá árinu 2010, eða þegar stjórn Sorpu bs ákvað að hefja uppbyggingu gas og jarðgerðarstöð til framleiðslu metans, til dagsins í dag? Óskað er eftir að fjölda vagna verði skipt upp eftir: a. metani, b. rafmagni, c. díselolíu, d. aðrir orkugjafar ef einhverjir eru. 2. Hvaða ár var fyrsti rafmagnsvagninn keyptur? 3. Hvað eru margir rafmagnsvagnar í flotanum í allt? 4. Hvað kostuðu: a. síðasti rafmagnsvagn sem var keyptur, b. síðasti díselvagn sem var keyptur, c. síðasti metanvagn sem var keyptur, á verðlagi dagsins í dag? 5. Vitað er að Strætó hefur keypt rafmagnsvagna af kínverska framleiðandum Yotong. Hver/hverjir eru umboðsmenn þessa framleiðanda á Íslandi og eða norðurlöndunum? 6. Kynnt var á stjórnarfundum Strætó fyrir skömmu að fara ætti í nýtt útboð á rafmagnsvögnum, hvers vegna er það gert? 7. Er í útboðsgögnum að sérstakan styrkleika þarf í vagnana vegna fjölda hraðahindrana í gatnakerfi Reykjavíkur, því síðast tafðist afhending um marga mánuði þegar sú staðreynd var ljós? 8. Hefur reynslan af þeim rafmagnsvögnum sem keyptir voru í síðasta útboði góð? 9. Hvað geta þeir vagnar verið lengi í keyrslu á einni hleðslu? 10. Hvað tekur lagan tíma að hlaða einn vagn? 11. Er Strætó á afsláttarkjörum frá rafmagnsgjaldskrá OR sem stórnotandi?

1. Strætó hefur keypt 59 vagna frá ársbyrjun 2010.
 - a. 2 metan vagnar.
 - b. 14 rafvagnar.
 - c. 43 díselvagnar.
2. Fyrstu 4 rafvagnar voru keyptir árið 2016.
3. Það eru 15 rafvagnar í flotanum í dag. 14 í eigu Strætó og einn í láni.
4. Verð á vögnum miðað við útboð des. 2017:
 - a. Rafvagn kr. 60 mkr.
 - b. Díselvagn kr. 35 mkr.



c. Metanvagn kr.41,5 mkr.

Miðað við útreikning á 10 ára líftíma kostnaði voru rafvagnar hagkvæmasti kostuinn.

5. Umboðsaðili á Íslandi eru Yutong Eurobus ehf.
6. Rafvagnar hafa reynst vel og hefur skilað miklu rekstrarlegu hagræði fyrir Strætó.
7. Í útboðsgögnum eru ákvæði um að vagnar skuli henta íslenskum aðstæðum.
8. Reynslan er mjög góð, þeir eru keyrðir um 9-10 þús. km á mánuði sem er sambærilegt og hægt er að keyra metanvagna. Rekstrarkostnaður er umtalsvert lægri en af díselvögnum.
9. Gert er ráð fyrir í okkar skipulagi að þeir séu keyrðir um 250 km á hverri hleðslu en uppgefinn drægni er 365 km.
10. Það tekur 2 til 4 klst og fer það eftir því hvað margir vagnar eru í hleðslu. Yfirleitt er hleðslustími styttri þar sem okkar áætlanir gera ráð fyrir að vagn fari í hleðslu þegar 30% er eftir á rafgeymunum, en það eykur endingu þeirra að tæma þá ekki alveg.
11. Nei Strætó er ekki á afsláttarkjörum enda teljumst við ekki til stórnotenda.

Virðingarfyllst,

Jóhannes Rúnarsson

Framkvæmdastjóri Strætó.